

# Ársskýrsla 2013

## Nemendur

Í Framhaldsskólanum á Húsavík er útskrift einu sinni á ári, í Húsavíkurkirkju. Vorið 2013 útskrifuðust 29 nemendur þar af 22 stúdentar. Þá voru 112 nemendur skráðir í skólann eftir töflubreytingar. Þar af voru 52 karlar og 60 konur. Langflestir nemendur voru frá Húsavík og næsta nágrenni. Jafnframt kom einn fjarnemi frá Þórshöfn og tveir af höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi nýnema á vorönninni var 5. Fjöldi endurinnritaðra eftir hlé var 4. Ársnemendur í upphafi annar voru 95,31 en 88,8 í lok annar. Brottfall ársnema var 6,83. Fall og brottfall í prósentum var 11,81. Í heildina litið hefur skólasókn við Framhaldsskólann á Húsavík verið góð og var nú 95%.

Á haustönn 2013 voru 108 nemendur skráðir í skólann eftir töflubreytingar. Þar af voru 55 karlar og 53 konur. Langflestir voru frá Húsavík og næsta nágrenni. Jafnframt kom einn fjarnemandi frá Reykjavík og einn fjarnemandi frá Akureyri. Langstærstur hluti nemenda okkar kemur úr Borgarhólsskóla, grunnskólanum á Húsavík. Haustið 2013 kom tæp 82% árgangs 10. bekkjar í FSH en markmið okkar er að hingað komi a.m.k. 75% nemenda úr Borgarhólsskóla. Fjöldi nýnema á önninni var 37. Fjöldi endurinnritaðra eftir hlé var 15. Ársnemar í upphafi annar voru 101,5 en 90,4 í lok annar. Brottfall ársnema var 10,94. Fall og brottfall í prósentum var minna en á vorönninni eða 9,28. Skólasókn var góð eða 95,85%.

## Nám

Á vorönn 2013 skiptust nemendur þannig eftir brautum:

- Almenn braut 22
- Félagsfræðibraut 43
- Náttúrufræðibraut 35
- Félagsliðabraut 4
- Sjúkraliðabraut 1
- Viðbótarnám til stúdentsprófs 2
- Ótilgreind braut: 5
- Starfsbraut 6

Á haustönn 2013 skiptust nemendur þannig eftir brautum:

- Almenn braut 25
- Félagsfræðibraut 43
- Náttúrufræðibraut 37
- Viðbótarnám til stúdentsprófs 1
- Ótilgreind braut 2
- Starfsbraut 7

Innleiðing aðalnámskrár á vor-og haustönn 2013:

Vinna við innleiðingu aðalnámskrár fólst í því að þriggja manna stýrihópur vann að endurskipulagningu á námsbrautum skólans og hafði umsjón með vinnu kennara við ritun nýrra áfangalýsinga. Meðal annars var unnið að endurskipulagningu svokallaðrar framhaldsbrautar sem ætluð er nemendum sem ekki hafa fótað sig í hefðbundnum bóknámsgreinum í grunnskóla. Jafnframt heimsótti starfsfólk FSH Menntaskóla Borgarfjarðar og kynnti sér hvernig unnið hefur verið að námskrármálum þar. Vonast er til að stúdentsbrautir í nýrri námskrá verði nokkurn veginn tilbúnar í lok vorannar 2014 og að hægt verði að innrita nemendur á framhaldsbraut á haustönn 2014.

Þróunarstarf:

Á vorönn var unnið að undirbúningi nýs þverfaglegs áfanga sem ber nafnið Listir, menning og vísindi. Í áfanganum eru námsgreinarnar saga, félagsvísindi, náttúrufræði og íslenska fléttaðar saman og kenndar út frá sjónarhóli lista, hönnunar og menningar. Áfanginn er tvíþættur og nær yfir bæði haust- og vorönn (LMV193 og LMV293). Í fyrri hluta hans er áhersla lögð á félagsgreinar en í seinni hlutanum er áhersla lögð á náttúrufræði. Áfanginn er mjög verkefnaþjálfur og miðar að því að nemendur átti sig á því hvernig námsgreinarnar tengjast hver annarri og þjálfist í sjálfstæðum og markvissum vinnubrögðum. Kennsla í áfanganum hófst á haustönn 2013. Ákveðið var að vinna í samstarfi við Laufeyju Petreu Magnúsdóttur, fyrrverandi skólameistara FSH, við að þróa sérstaka matsáætlun fyrir áfangann og hófst sú vinna undir lok haustannar.

FSH er í verkefninu heilsueflandi framhaldsskóli. Haustið 2013 fóru tveir kennarar, námsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur af stað með tilraunaverkefni sem þau kalla „heilsuþróun mín“. Þau skiptu nýnemum í fjóra hópa, aðstoðuðu þá við að setja sér markmið á önninni varðandi svefn, mataræði og hreyfingu.

## Kennsla og stjórnun

Allir fastráðnir kennarar við skólann voru með áskilin réttindi til kennslu í framhaldsskóla. Einungis einn kennari var ekki með kennsluréttindi en það er arkitekt sem kennir hér hönnunar áfanga og grunnteikningu og hefur verið frumkvöðull í innleiðingu á nýjum áfanga Listir, menning og vísindi. Kennslustundir eru 60 mínútur. Kennsluhættir hefðbundnir þ.e. fyrirlestrar kennara og nemenda, ritgerðir, hóp- og einstaklingsverkefni. Vægi prófa verður alltaf minna og meira um símat í langflestum áföngum. Nokkrir áfangar voru próflausir.

Á vorönn 2013 voru stöður áfangastjóra (50%) og aðstoðarskólameistara (50%) sameinaðar í eina (75%). Skólameistari var í 100% starfi, fjármálastjóri í 50%. Ritari (skólafulltrúi) 55% staða, bókasafnsfræðingur 60% staða, kerfisstjóri 40% staða, námsráðgjafi 30% staða. Húsvarsla og ræstingar er 100% stöðugildi og einn starfsmaður sinnti þeim störfum.

Starf kerfisstjóra var lagt niður í lok vorannar og samstarf um tölvu- og kerfismál hófs við Advania.

Á vorönn 2013 og haustönn 2013 var fjöldi kennara 13 og aðrir starfsmenn 6. Meðalaldur starfsmanna á vorönn 2013 var 45,9 og á haustönn 47,7. Stöðugildi eru um 15.

## Mat

Eins og venja er voru kennslukannanir lagðar fyrir nemendur bæði á vorönn og haustönn 2013. Einnig var foreldrakönnun lög fyrir foreldra ólögráða nemenda.

Nýr skólasamningur var gerður í desember 2012. Markmiðin eru eftirfarandi:

### KENNSLA

#### *Í Framhaldsskólanum á Húsavík er kennsla:*

**Fjölbreytt**, þar sem leitast er við að haga kennslu þannig að kennsluhættir geri öllum nemendum kleift að tileinka sér þekkingu og öðlast þá hæfni og leikni sem stefnt er að hverju sinni.

#### **1. Efla endurmenntun kennara í þeim tilgangi að auka færni þeirri í að beita fjölbreyttari kennsluaðferðum.**

- Að minnsta kosti 50% kennara skólans noti þau tækifæri sem bjóðast til vettvangsnáms í fjölbreyttum kennsluaðferðum á samningstímanum.
- Kennarar skólans noti þau tækifæri sem bjóðast til að sinna endurmenntun er lýtur að fjölbreyttum kennsluaðferðum. Starfsdagar á haust- og vorönn á samningstímanum verði markvisst nýttir til endurmenntunar kennara.
- Skólinn geri þarfagreiningu á vorönn 2013 þar sem lagt verði mat á þarfir kennara fyrir skilgreinda sí-og endurmenntun og/eða þjálfun í starfi.
- Kennarar fái aukna þjálfun í beitingu kennsluaðferða fjarnáms m.a. með framhaldsnámskeiði í notkun á Kennsluvefnum.is. á haustönn 2013.

Ágætlega tókst að framkvæma þessi markmið. Liður 1a) náðist þó ekki enda fundust engin tækifæri til vettvangsnáms í fjölbreyttum kennsluaðferðum á tímabilinu. Við náðum að framfylgja markmiði 1b). Ingvar Sigurgeirsson kom tvisvar til okkar og aðstoði okkur við leiðsagnarmat og fjölbreyttar kennsluaðferðir. Liður 1c og 1d) Við stjórnendur gerðum þarfagreiningu vorið 2013 þar sem kom fram að kennarar vildu gjarnan læra betur á Moodle. Valgerður Ósk Einarsdóttir kom í byrjun haustannar og kenndi okkur hvernig hægt er að nota Moodle til að auka fjölbreytni í verkefnum og prófagerð.

**Einstaklingsmiðuð**, þar sem leitast er við að mæta mismunandi forsendum nemenda þannig að hver og einn fái sem best notið hæfileika sinna.

#### **2. Bjóða nemendum hægferðir og hraðferðir í námi frá skólaárinu 2013-2014.**

#### **3. Nýta styrkleika fámennra námshópa til að efla stuðning við hvern og einn nemanda.**

- umsjónarkennarar, námsráðgjafi og stjórnendur skólans vinna saman að því að fylgjast með námsframvindu hvers nemenda á samningstímanum og grípa inn í ef ástæða þykir til. Með því að kalla nemendur til viðtals og hafa samband við forráðamenn ólögráða nemenda.

Markmið 3a) Umsjónarkennarar, námsráðgjafi og stjórnendur funduðu reglulega og fóru yfir mál þeirra nemenda sem standa höllum fæti. Á vorönn 2013 var stoðkennsla í stærðfræði sem nokkrir nemendur nýttu sér. Umsjónarkennarar tóku viðtöl við ólögráða nemendur og námsráðgjafi einnig. Fjarvistartalning er á 3ja vikna fresti. Stjórnendur sendu foreldrum þeirra nemenda sem mikið voru

búnir að skrópa bréf til að upplýsa þá um fjarvistir barna sinna. Þess má geta að einnig eru send út hrósbréf til foreldra og nemenda sem mæta vel í skólann.

**Áhugavekjandi**, þar sem lögð er áhersla á að virkja nemendur til þátttöku og nýsköpunar á sem flestum sviðum.

#### **4. Innleiða fjölbreyttari kennsluhætti og hvetja kennara til að prófa nýjar leiðir í kennslu.**

- a) Stefnt er að því að hefja kennslu í nýjum áfanga, listum, menningu og vísindum (LMV) þar sem lögð er áhersla á aðferðafræði nýsköpunar í námi og kennslu skólaárið 2013 – 2014.
- b) Stefnt er að því að kennarar skólans fái námskeið í fjölbreyttum kennsluaðferðum á vorönn 2013.

Markmið 4 a og b) náðist. Kennsla hófst í LMV haustönn 2013.

**Hvetjandi og uppbyggjandi**, þar sem áhersla er lögð á að nemandinn öðlist trú á eigin getu og hæfileika og kennari vænti ætíð árangurs.

#### **5. Kennarar leggi áherslu á að nota leiðsagnarmat, til að bæta kennsluaðferðir, námsmat og árangur nemenda með það að markmiði að hver og einn nemandi nái betri árangri í námi sínu.**

- a) Að > 50% kennara noti leiðsagnarmat í starfi sínu með nemendum vorið 2014.

Markmið 5a) náðist einungis að hluta en vonandi bætast fleiri kennarar í hópinn á haustönn 2014.

**Skipuleg og markviss**, þar sem nemendur fá skýr skilaboð um þær væntingar og kröfur sem gerðar eru til þeirra varðandi ástundun, vinnubrögð og árangur.

#### **6. Kennarar orði með skýrum hætti í námsáætlun þær væntingar sem gerðar eru til nemenda um árangur.**

- a) Allir kennarar skólans leggi fram námsáætlanir skv. samræmdu viðmiði um framsetningu á námsáætlunum nemenda (kennsluáætlunum) haustið 2014.

#### **7. Upplýsingar um þá þekkingu, leikni og hæfni sem nemendur eiga að búa yfir við námslok séu skýrar og þeim komið á framfæri við nemendur með markvissum hætti.**

- a) Allir kennarar skólans fari vandlega yfir námsáætlanir með nemendum á samningstímanum og leggi sérstaka áherslu á að útskýra þau markmið sem nemendum er ætlað að ná.
- b) Allir kennarar skólans skoði mánaðarlega á samningstímanum með nemendum hvernig starfinu miðar með hliðsjón af námsáætlun.
- c) Nemendur fá markvissa leiðsögn og hvatningu frá kennurum. >80% nemenda telja að kennari vænti árangurs skv. kennslukönnun á haustönn 2013.

Samkvæmt kennslukönnun vorið 2013 og haustið 2013 náðist markmið 7a) Markmið 7b) náðist einungis að hluta þar sem ekki allir kennara gerðu þetta mánaðarlega. Spurning um að nemendur telji að kennari vænti árangurs var því miður ekki í kennslukönnuninni og þarf að ráða bót á því. Markmiði 7c) náðist því ekki.

#### **8. Kennarar skólans ígrundi árangur af starfi sínu með markvissum hætti með það að markmiði að ná enn betri árangri með nemendum.**

- a) Allir kennarar skólans ígrundi með markvissum hætti eigin árangur í ljósi árangurs nemenda, með hliðsjón af þeim námsmarkmiðum sem sett voru fram í viðkomandi áfanga. Niðurstöðum er skilað í áfangaskýrslu kennara í lok hvers skólaárs. Skýrslur

kennara eru teknar saman og gerðar aðgengilegar á sameiginlegu drifi á kennsluvefnum. Verður virkjað á samningstímanum.

b) Kennarar skólans fá kynningu/námskeið á samningstímanum í að þróa með sér færni í að beita *aðferðafræði starfendarannsókna* í starfi sínu.

Markmið 8a) innan við helmingur kennara skilaði áfangaskýrslu vorið 2013. Upp kom ágreiningur sem á eftir að leysa varðandi þetta mál þar sem sumir kennarar telja sig ekki bera skyldu til að skila svona skýrslu án þess að fá greitt fyrir það. Markmið 8b) stefnt er að því að fá kynningu/námskeið í að þróa með sér færni í að beita *aðferðafræði starfendarannsókna* á starfsdögum vorið 2014 og haust 2014.

## **Fjármál**

Rekstur var í góðu samræmi við innsenda rekstraráætlun. Laun eru langstærsti rekstrarliðurinn og 2013 var hann rúm 80% af rekstrargjöldum.

## **Samstarf**

Á vorönn 2013 var FSH í samstarfi var við Framhaldsskólann á Laugum og Þekkingarnet Þingeyinga við undirbúning á starfsnámi í ferðaþjónustu. Þetta samstarf gekk afar vel og 19 nemendur luku námi. FSH hefur verið í samstarfi við skólana í Fjarmentaskólinn.is sem einnig hefur gengið vel. Nokkrir nemendur úr 10. bekk Borgarhólsskóla voru í námi hér á vorönn 2013 og gott samstarf við skólann. Má þar nefna að kennarar unglíngadeildar í Borgarhólsskóla komu hingað í FSH á starfsdögum vorið 2013. Kennarar ræddu saman í litlum hópum um námsefnið og fleira til þess að skólinn yrði enn betur í stakk búinn til að taka á móti nemendunum.

**Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:** Húsnæði skólans er 1399m<sup>2</sup>. 112 nemendur á vorönn 2013 og 108 á haustönn 2013. 19 starfsmenn.

**Námsframboð:** á vorönn 2013 voru nemendur á: Almennri braut, félagsfræðibraut, náttúrufræðibraut, félagsliða- og sjúkraliðabraut, viðbótarnámi til stúdentsprófs, ótilgreindri braut og starfsbraut. Á haustönn voru nemendur á: Almennri braut, félagsfræðibraut, náttúrufræðibraut, viðbótarnámi til stúdentsprófs, ótilgreindri braut og starfsbraut.

**Framkvæmd markmiða:** Skólasamningur var gerður í desember 2012. Markmiðin í honum lúta að kennslu og fjölbreyttum kennsluaðferðum.

**Umbótaþættir eftir sjálfsmat:** Leiðsögn frá fagaðilum varðandi kennslu og fjölbreyttari vinnuaðferðir.

**Úttektir:** engin úttekt var gerð á árinu.

**Afkoma, rekstrarstaða:** Rekstur skólans var í góðu samræmi við innsenda rekstraráætlun.

**Brottfall:** brottfall ársnema var á vorönn 2013 6,83% og 10,94% á haustönn.

**Stjórnun:** skólameistari í 100%, aðstoðarskólameistari sem gegnir einnig starfi áfangastjóra er í 75% starfi, fjármálastóri í 50%.

**Samvinna við aðra:** Verkefnið starfsnám í ferðaþjónustu í samvinnu með Framhaldsskólanum á Laugum og Þekkingarneti Þingeyinga. Samstarf við Fjarmentaskólann.is. Samvinna við Borgarhólsskóla.

**Sérstakar áherslur/sérsvið skólans:** Nýsköpun og frumkvöðlamennt. Áfanginn LMV og HOH .Við erum í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli. Byrjuðum haustið 2013 í verkefninu Heilsumarkmiðin mín. Fengum 500.000 kr. styrk frá Landlæknisembætti til þess. Kennarar, námsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur hafa fylgst með nýnemum, tekið þá reglulega í viðtöl og aðstoðað þá til að ná markmiðum sem nemendur settu sér í byrjun annar varðandi: svefn, mataræði og hreyfingu.